

Telur hættu á að ekki verði hægt að endurnýja samninga

Samtök atvinnulífsins hvetja fyrirtækin til að láta ekki undan þrýstingi

Eftir Helga Bjarnason
og Pröst Emilsson

SAMTÖK atvinnulífsins hvöttu í gær aðildarfyrirtæki sín til að láta ekki undan þrýstingi og taka skyndi-ákværðanir um að greiða launahækkanir í þessum mánuði prát fyrir samkomulag við ASÍ um frestun beirra fram á sumar. Nokkur sjávarútvegsfyrirtæki hafa fylgt í kjölfar HB Granda og boðað að launahækunin taki strax gildi. Framkvæmdastjóri SA segir að samtökin geti hrakist til að endurnýja ekki kjaramininga í júní.

Óánægja er í röðum Samtaka atvinnulífsins með þær ákværðanir fyrirtækja að láta launahækkanirnar



Vilhjálmur Egilsson



Gylfi Arnþjörnsson

koma til framkvæmda í þessum mánuði og þrýsting forystumanna verkalyðsfélaga. „Okkur hefur sýnt að það sé með skipulögðum hætti verið að reyna að brjóta niður samningana,“ sagði Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins. Vilhjálmur nefndi

Í HNOTSKURN

- » Framkvæmdastjóri SA og forseti ASÍ hittust í gær til að ræða þá stöðu sem nú er uppi.
- » Kjaramálin verða rædd á aukaársfundí ASÍ í dag.

Verkalýðsfélagið á Akranesi þegar hann var spurður hvað hann ætti við og sagðist vita um fleiri dæmi.

Vilhjálmur sagði það enga tilvilkjun að launahækunum hefði verið frest- að. Hætta væri á að þessi bylgja flæddi jafnt yfir fyrirtæki sem ekki hefðu efni á að hækka laun og þau

sem það gætu. Afleiðingarnar yrðu aukið atvinnuleysi, verðbólgan minnkaði ekki og vaxtalækkun frest- aðist. „Pá væri verið að hrekkja okkur út í það að segja samningunum upp, ákveða að framlengja þá ekki,“ sagði Vilhjálmur.

Halda í verðmæti samninga

Gylfi Arnþjörnsson tók fram að ekkert bannaði fyrirtækjum að hækka laun. Hann sagði að forystuveit ASÍ lití að það sem sitt verkefni að halda í þau verðmæti sem fælust í núverandi kjarasamningum, þótt það leiddi til þess að launahækkanir kæmu síðar fram en áður var samið um. Ef sáttin milli ASÍ og SA rofnaði gæti orðið torvelt að ná saman í júní.

BLAÐIÐ MIÐVIKUDAGUR 25. MARS 2009

Þrýstingur á fyrirtæki

NOKKUR sjávarútvegsfyrirtæki hafa fylgt í kjölfar HB Granda og ákveðið að greiða 13.500 króna launahækun strax til starfsmanna.

I gærkvöldi höfðu borist upplýsingar um Brim, Norðurströnd á Dalvík, Sæmá á Blönduósi, Sjávarariðjuna á Rifi, Godthaab í Vestmannaejum og Hrognavinnslu Vignis G. Jónssonar á Akranesi.

Fram hefur komið að verkalyðsfélög hafa hvatt fyrirtæki sem það geta til að greiða hækjunina. Til dæmis hefur formaður Verkalýðsfélags Akraness haft samband við nokkur fyrirtæki í þeim tilgangi.

Sigurður Viggósson, framkvæmdastjóri Odda á Patreksfirði, sagði að fjölmörg fyrirtæki ættu í vandræðum og þótt eitt og eitt gæti greitt hærri laun gætu forsvarsmenn fyrirtækjanna ekki tekið neina áhættu. Ekkert kæmi í staðinn fyrir sjávarútvegin á Vestfjörðum. helgi@mbl.is